

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995–2015, bensínstöð í Kaplakrika.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 21. júní 2005 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, bensínstöð í Kaplakrika.

Breytingin felst í að inni á opnu svæði til sérstakra nota, merkt Ú1 – íþróttasvæði FH við Kaplakrika, verði staðsett bensínsjálfsafgreiðslustöð með aðkomu frá Flatahrauni. Staðsetning bensínstöðvarinnar er sýnd með hringtákn fyrir verslunar- og þjónustusvæði innan íþróttasvæðisins.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F. h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 3. ágúst 2005,*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.